

Af aðalfundi Hins íslenska náttúrufræðifélags

Í síðasta félagsbréfi HÍN var greint frá mistökum sem urðu við boðun aðalfundar sem haldinn var 28. febrúar s.l., en félagsbréf með tilkynningu um aðalfundinn komst ekki út í tæka tíð fyrir fundinn. Í félagsbréfinu frá því í mars s.l. var félagsmönnum boðið að gera athugasemd við aðalfundinn innan tilskilins tímafrests. Þar sem aðeins kom athugasemd frá einum félagsmanni um boðun aðalfundarins telst aðalfundurinn þ. 28. febrúar s.l. gildur. Þar af leiðir telst formaður og þrír stjórnarmenn löglega endurkosnir.

Gledilegt sumar!

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla félagsins er hjá Náttúrufræðistofnun Íslands
Hlemmi 3, 125 Reykjavík
Netfang: hin@hin.is
Sími: 5900500
Ábm. Félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist

Félagsbréf



2. tölublað

Maí 2004

29. árgangur

Sigt um Sundin blá –

Fræðsluferð HÍN laugardag 29. maí

Félagsmönnum býðst nú nýjung í fræðsluferðum HÍN sem stjórnin vonast til að verði vel tekið.

Laugardaginn 29. maí nk. verður boðið upp á siglingu með Viðeyjarferjunni ehf. í nágrenni Reykjavíkur. Meðal annars verður siglt út að Lundey og lónað umhverfis eyna og farið um Þerneyjarsund að Viðey og stigið á land og m.a skoðaður fjörugróður. Ferðin tekur um fjórar klst.

Fararstjórar og leiðbeinendur í ferðinni verða Konráð Þórisson líffræðingur hjá Hafrannsóknastofnuninni og Ólafur Einarsson fuglafræðingur hjá Fuglaverndarfélagi Íslands.

Brottför er kl. 13:00 og lagt úr Reykjavíkurhöfn frá Árnesi/veitingaskipi við Hafnarbúðir (nú veitingastaðurinn Tveir Fiskar).

Verð á mann er kr. 3.000, en frítt er fyrir börn innan tólf ára aldurs.

Félagsmenn eru hvattir til að skrá sig í ferðina annað hvort með því að hafa samband við skrifstofu Náttúrufræðistofnunar Íslands í síma **590 0500** eða með því að senda tilkynningu á veffangið **stjorn@hin.is**

Félagsmenn eru hvattir til að taka gesti með.

Næsta fræðsluferð

Í ágúst er stefnt að annarri fræðsluferð á vegum HÍN. Þá er fyrirhuguð kvöldganga um Grændal norðan við Hveragerði. Dalurinn er rómaður fyrir grósku, þar gætir jarðhita og jafnframt eru uppi áætlanir um virkjun jarðvarmaorku á svæðinu. Með í för verða Eyþór Einarsson grasafraeðingur og Helgi Torfason jarðfraeðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Nánari upplýsingar um ferðina verða auglýstar í fjölmiðlum og með rafpósti til félagsmanna þegar nær dregur ferðinni.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Stjórn HÍN fagnar eindregið frumvarpi forsætisráðherra um stækkun þjóðgarðsins á Þingvöllum. HÍN hefur haft þetta málefni til umfjöllunar og ályktanir um verndun vatnasviðs Þingvallavatns hafa verið samþykktar á aðalfundum félagsins á undanförunum árum. Stjórnin minnir á að vöktun á lífríki Þingvallavatns er eðlilegur hluti af verndun svæðisins.

Stjórn HÍN lýsir einnig yfir ánægju sinni með umsókn stjórnvalda um að þjóðgarðurinn á Þingvöllum verði tilnefndur á heimsminjaskrá UNESCO.

„Íslenskur jarðvegur - eðli og myndun.“

Síðasta fræðsluerindi HÍN fyrir sumarið verður haldið **mánudaginn 24. maí kl. 17:15** í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskólans, í stofu 132. Þá mun dr. **Ólafur Arnalds** jarðvegsfraeðingur við Rannsóknarstofnun landbúnaðarins (RALA) halda erindi sem hann nefnir „*Íslenskur jarðvegur - eðli og myndun.*“ Meðfylgjandi er útdráttur um efnið:

„Jarðvegur sem myndast á eldfjallasvæðum er frábrugðin öðrum jarðvegi heimsins og um margt afar áhugavert fyrirbrigði til rannsókna. Hann er nefndur Andosol á fræðimáli sem hefur verið kallað Eldfjallajörð eða Sortujörð á íslensku. Það sem gerir jarðveg eldfjallasvæða sérstakan er veðrunarumhverfið og nýmyndun ákveðinna efnasamabanda. Gjóska veðrast hratt og myndar steindir sem eru einkennandi fyrir Sortujörð: allófan, ímógólít, ferrihýdrít og halloysít, en einnig sérstök efnasambönd áls og lífrænna efna (knippi). Sá leir sem finnst og mótar jarðveg í nágrannalöndunum finnst vart í íslenskum jarðvegi. Margt er svipað með íslenskri Sortujörð og því sem annars staðar á eldvirkum svæðum. Þó hefur íslensk mold um margt sérstöðu á heimsvísu, sérstöðu sem oft er vanmetin, ekki síst jarðvegur auðna.

Vindrof er meira á Íslandi en þekkist annars staðar á gjóskusvæðum. Öskufall og áfok, ásamt jarðvatnsstöðu og gróðurhulu, eru ráðandi þættir fyrir myndun íslensks jarðvegs. Á svæðum nálægt gosbeltinu halda katjónir sem losna við veðrun úr gjósku við sýrustiginu og myndun allófans verður ráðandi. Fjær gosbeltunum er sýrustig lægra sem hamlar myndun allófans og þar verða málm-húmus knippi ráðandi, ekki síst þar sem jarðvatn stendur hátt. Leirinn og knippin gefa jarðveginum hina sérstæðu eiginleika sem þeir þekkja sem vinna með moldina, en þar má nefna litinn, léttleika, gríðarlega vatnsrýmd, frjósemi og skort á samloðun.“

Í fyrirlestrinum verður greint frá rannsóknum Rala á eðli jarðvegsins, sérstökum eiginleikum og þeim þáttum sem helst ráða myndun hans.